

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 9. október 2023
Málsnúmer: 202309-0044
BK

Efni: Ný tenging þjóðvegjar við sumarhús og íbúðarhús í landi Voga I

Vísað er til tölvubréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 28. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi umsókn Vogabús ehf um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár.

Um er að ræða lagningu vegjar frá þjóðvegi 848 að Hrauntraðarvegi. Svæðið er að hluta til innan verndarsvæðis Laxár og Mývatns.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður veitt umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Voga 1, dags. 1. febrúar 2023, þar sem meðal annars var fjallað um umræddan veg.

Líkt og þar kom fram, fela áformin í sér rask á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og sem forðast skal að raska nema brýna nauðsyn beri til. Uppbygging í nágrenni Voga hefur þegar valdið töluverðu raski á hrauni og birkikjarri og æskilegra væri að sleppa nýjum aðkomuvegi og útfæra fremur vegtengingu við núverandi veg sem liggjur framhjá Vogum 1 og að Björk 3 og Kotasælu.

Þá þurfa að koma fram ítarlegri upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd, s.s. hvort til standi að vegurinn verði upphækkaður og ef svo, hvaðan aflað verður efnis til þess.

Náttúrufræðistofnun Íslands vill ítreka hófsemi í uppbyggingu sem veldur raski á vernduðum náttúruminum og sem eykur umferð og álag á viðkvæmt lífríki Mývatns.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

